Nr. 50.
27.
nóvbr.

# Lög

um

## friðun fugla.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þessar fuglategundir skulu friðaðar vera árið um kring: Maríuerlur, steindeplar, þrestir, rindlar, auðnutitlingar, snjótitlingar, þúfutitlingar, óðinshanar, þórshanar, kríur, tildrur, sandlóur, jaðrakan, rauðbrystingar.

2. gr.

Þessar fuglategundir skulu ekki friðaðar á neinum tíma árs: Ernir, valir, smyrlar, uglur, hrafnar, kjóar, skúmar, veiðibjöllur og aðrar máfategundir, skarfar, súlur, himbrimar, lómar, sefandir, svartfugl, fiskiendur og helsingjar.

3. gr.

Aðrar fuglategundir skulu friðaðar, svo sem hjer segir:

a) rjúpur, frá 15. febrúar til 15. september.
b) allar andategundir, aðrar en þær, sem þegar eru taldar, frá 1. apríl til 1. september.
c) svanir, frá 1. apríl til 15. september.
d) lundi, frá 10. maí til 20. júní.

Sýslunefndum veitist heimild til að ákveða friðunartímann fyrir fýl, hverri í sínu hjeraði; þó má friðunartíminn ekki byrja síðar en 20. marz og eigi enda fyrr en 10. ágúst.

Allar þær fuglategundir, er hjer hafa ekki verið nefndar, skulu friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst.

Skot og net, nema háfa, má ekki hafa við lunda eða fýlaveiði.

4. gr.

Fyrir hvern fugl, sem friðlýstur er í lögum þessum, skal sá, er brotlegur verður, gjalda 2 krónu sekt, er tvöfaldast fyrir hvert brot, allt að 40 kr.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Fredning af Fugle.

**Nr. 50.**
27de
Novbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Efternævnte Fuglearter: Vipstjærter, Digesmutter, Drosler, Gærdesmutter, Finker, Snespurve, Piplærker, Odinshøns, Thorshøns, Terner, Stenvendere, Præstekraver, Kobbersnepper og Rødsnepper skulle være fredede hele Aaret.

§ 2.

Følgende Fuglearter: Ørne, Falke, Dværgfalke, Ugler, Ravne, Struntjægere, Storkjover, Svartbage og andre Maagearter, Skarve, Suler, Islommer, Lommer, Sivænder, Svartfugle, Fiskeænder og Dramgæs ere ikke fredede paa nogen Tid af Aaret.

§ 3.

Andre Fuglearter skulle være fredede paa følgende Maade:

a) Ryper fra 15de Februar til 15de September.
b) Alle andre Andearter end de ovennævnte, fra 1ste April til 1ste September.
c) Svaner fra 1ste April til 15de September.
d) Søpapegøjer fra 10de Maj til 20de Juni.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til, hvert for sit Distrikt, at fastsætte Fredningstiden for Malemukker, dog maa Fredningstiden ikke begynde senere end 20de Marts og ikke ende førend 10de August.

Alle ikke ovenfor nævnte Fuglearter skulle være fredede fra 1ste April til 1ste August.

Ved Fangsten af Søpapegøjer og Malemukker maa ej anvendes Skud eller Garn undtagen Ketser.

§ 4.

For enhver i denne Lov fredet Fugl skal Lovens Overtræder betale 2 Kr. som Bøde, der fordobles for hver Overtrædelse indtil 40 Kr.

5. gr.

27. nóvbr. Ráðherrann getur veitt vísindalega menntuðum fuglafræðingum undanþágu frá ákvæðum þessara laga.

6. gr.

Mál þau, sem rísa út af brotum gegn því, sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal fara með sem opinber lögreglumál. Rennur helmingur sektarfjárins í landssjóð, en hinn helmingurinn ber uppljóstrarmanni.

7. gr.

Hjer með eru úr gildi felld lög 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra og lög 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 27. nóvember 1903.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

§ 5.

Ministeren kan meddele videnskabelig uddannede Ornithologer Undtagelse fra denne Lovs Bestemmelser. Nr. 50. 27de Novbr.

§ 6.

Sager som opstaa i Anledning af Overtrædelse af denne Lovs Bestemmelser, behandles som offentlige Politisager. Halvdelen af Bøderne tilflyder Landskassen, den anden Halvdel Angiveren.

§ 7.

Lov 17de Marts 1882 om Fredning af Fugle og Rensdyr og Lov 16de December 1885 om Forandring i Lov af 17de Marts 1882 om Fredning af Fugle og Rensdyr ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 27de November 1903.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

**Ministeriet for Island, den 27de November 1903.**

***Alberti.***

*Olafur Halldórsson.*